



TILLAGA

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Borgarlögmaður

Tillaga að ákvæði í lögreglusamþykkt Reykjavíkurborgar

Tillaga:

Lagt er til að borgarráð samþykki að sett verði ákvæði í lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurborg nr. 1097/2008, sem leggur almennt bann við notkun eða uppsetningu girðinga í og við þéttbýli sem kunna að valda vegfarendum eða dýrum óþægindi eða hættu. Ákvæðið er svohljóðandi:

Óheimilt er að nota, reisa eða setja upp girðingar í og við þéttbýli sem geta valdið vegfarendum eða dýrum hættu eða óþægindum, til dæmis gaddavírsgirðingar og rafgirðingar.

Greinargerð:

Um girðingar í þéttbýli gilda ákvæði laga nr. 160/2010 um mannvirki, sbr. 1. mgr. 2. gr. laganna, ákvæði girðingarlaga nr. 135/2001, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna og ákvæði byggingarreglugerðar nr. 112/2012, sbr. 3. mgr. gr. 1.1.2. reglugerðarinnar.

Samkvæmt gr. 7.2.3 í byggingarreglugerð skal afla byggingarleyfis hjá embætti byggingarfulltrúans í Reykjavík vegna girðinga og skjólveggja á lóðum í Reykjavík nema breytingarnar eða framkvæmdirnar séu undanþegnar byggingarleyfi samkvæmt f-lið gr. 2.3.5 í byggingarreglugerð. Hæð girðingar skal ávallt vera í samræmi við gildandi skipulagsskilmála. Þá er girðing eða skjólveggur á mörkum lóða einnig ávallt háður samþykki beggja eða allra aðliggjandi lóðarhafa óháð hæð girðingar eða skjólveggs, en afla skal samþykkis áður en hafist er handa við smíði girðingar eða skjólveggs.

Samkvæmt f-lið gr. 2.3.5 í byggingarreglugerð eru eftirfarandi breytingar og framkvæmdir undanþegnar byggingarleyfi enda séu þær í samræmi við deiliskipulag:

- Girðingar eða skjólveggir sem eru allt að 1,8 m að hæð og eru ekki nær lóðarmörkum en 1,8 m.
- Girðingar eða skjólveggir sem eru nær lóðarmörkum en 1,8 m og eru ekki hærri en sem nemur fjarlægðinni að lóðarmörkum.

Lóðarhöfum samliggjandi lóða er heimilt án byggingarleyfis að reisa girðingu eða skjólvegg sem eru allt að 1,8 m að hæð á lóðarmörkum, enda leggi þeir fram hjá embætti byggingarfulltrúa í Reykjavík undirritað samkomulag þeirra um framkvæmdina. Hámarkshæð girðingar eða skjólveggjar miðast við jarðvegshæð við girðingu eða jarðvegshæð lóðar á lóðarmörkum ef hæð jarðvegs þar er meiri en jarðvegshæð á lóð við vegginn. Þá er að finna heimild í ákvæði gr. 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012 til handa byggingarfulltrúa eða Mannvirkjastofnun til þess að grípa til aðgerða í því skyni að knýja fram úrbætur hjá eiganda eða umráðamanni ef ásigkomulagi, frágangi, umhverfi eða viðhaldi húss, annars mannvirkis eða lóðar er ábótavant, af því stafar hættu eða það telst skaðlegt heilsu, eða ef ekki er gengið frá því samkvæmt samþykktum uppdráttum, lögum eða reglugerðum. Tilvitnað ákvæði kemur ekki í veg fyrir notkun eða uppsetningu girðinga úr gaddavír eða öðrum efnum sem kunna að valda vegfarendum eða dýrum hættu eða óþægindum, heldur veitir einungis þar til greindum aðilum heimild til að knýja á um úrbætur sé frágangi slíkrar girðingar ábótavant eða með þeim hætti að hætta stafi af.

Þar sem ekki er að finna ákvæði í lögum, reglugerðum eða samþykktum Reykjavíkurborgar sem leggur almennt bann við notkun eða uppsetningu girðinga af umræddu tagi í þéttbýli, er talið nauðsynlegt að setja ákvæði þess efnis í lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurborg. Enda getur fólki og dýrum stafað hættu af þess háttar girðingum. Þá er slíkt ákvæði í samræmi við ákvæði 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 59/2000 um vörslu búfjár, en þar er að finna heimild til handa sveitastjórn til þess að banna notkun gaddavírs og háspenntra rafgirðinga í þéttbýli og þar sem umferð fólks er mikil. Samkvæmt 11. gr. reglugerðarinnar þá var hún sett með heimild í lögum nr. 46/1991 um búfjárhald, forðagæslu o.fl. með síðari breytingum, en umrædd lög voru felld úr gildi með lögum nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl. Tilvitnuð reglugerð nr. 59/2000 er þó enn í gildi þar sem kveðið er á um það í ákvæði 19. gr. laga nr. 103/2002, að reglugerðir, sem settar hafa verið með heimild í eldri lögum, haldi gildi sínu þar til þær hafa verið endurskoðaðar að svo miklu leyti sem þær samræmast tilvitnuðum lögum.

Fyrir hönd borgarlögmans,

Ebba Schram